



Evaluation Only. Created with Aspose.Words. Copyright 2003-2011 Aspose Pty Ltd.

Erindisbréf

fyrir vinnuhóp byggðaráðs um Gamla skóla

Málsnúmer: 2018.09.053 (einnig málsnúmer 2017.12.011)

Inngangur:

Á fundi byggðaráðs í nóvember 2018 var ákveðið að halda íbúafund í febrúar 2019 um framtíð Gamla skóla og var unnið að upplýsingaöflun og fyrirkomulagi fundarins til og með 28. febrúar 2019. Fundurinn fór fram fimmtudaginn 28. febrúar s.l. í Dalvíkurskóla.

Á fundi byggðaráðs þann 7. mars s.l. var til umfjöllunar samantektir 5 vinnuhópa frá íbúafundinum um eftirfarandi umfjöllunarefni:

- Hópur 1 - Sala húsnæðis
- Hópur 2 - Safnasafn
- Hópur 3 - Safn og útleiga
- Hópur 4 - Eingöngu útleiga
- Hópur 5 - Hugarflæði, nýjar hugmyndir

Byggðaráð samþykkti samhljóða með 3 atkvæðum að setja á laggirnir allt að 5 manna vinnuhóp sem hafi það verkefni að vinna úr þeim hugmyndum sem fram koma í samantektum vinnuhópanna frá íbúafundinum sem og að horft verði á þær tillögur sem fram koma úr vinnuhópum um starfssemi og rekstur Dalvíkurbyggðar, eftir því sem við á.

Tilgangur:

- Að vinna úr tillögum vinnuhópanna frá íbúafundinum 28.02.2019.
- Að horfa til tillagna vinnuhópa um starfssemi og rekstur Dalvíkurbyggðar eftir því sem við á.
- Að kanna hvort hægt sé að koma eigninni í útleigu sumarið 2019 og/eða tímabundið til að fá líf í húsið, þar til ákvarðanir um framtíð fasteignarinnar liggja fyrir.
- Að horfa á heildarmyndina hvað varðar rekstur húseigna á vegum sveitarfélagsins, sóknarfæri sem mögulega eru til staðar og þá starfssemi sem þar fer fram og/eða gæti orðið (s.s. Félagsheimilið Árskógur, Ungó, Rimar, Sundskáli Svarfdæla, Hvoll, Menningarhúsið Berg, Héraðsskjalasafn í Ráðhúsi).
- Að kalla eftir upplýsingum og gögnum til að leggja mat á valkosti.
- Að vinna rökstuddar tillögur til byggðaráðs um framtíð Gamla skóla. Með tillögunum þarf að fylgja kostnaðarmat, s.s. framkvæmdarkostnaður,



rekstrarkostnaður á ársgrundvelli. Einnig mat á faglegum og rekstrarlegum áhrifum til lengri og skemmri tíma, starfsmannahald, kosti og galla.

Vinnuhópurinn skipa:

- Frá byggðaráði; Katrín Sigurjónsdóttir, sveitarstjóri
- Frá menningarráði; Ella Vala Ármannsdóttir, formaður
- Frá fræðsluráði; Gunnþór Eyfjörð Gunnþórsson, formaður
- Frá atvinnumála- og kynningarráði; Sigríður Jódís Gunnarsdóttir, formaður
- Frá félagsmálaráði; Lilja Guðnadóttir, formaður

Sveitarstjóri f.h. vinnuhópsins kallar til starfsmenn sveitarfélagsins til að vinna að og/eða rýna í hugmyndir sem koma upp í vinnu hópsins.

Skilafrestur:

- Fyrir vinnu við starfs- og fjárhagsáætlun 2020 og þriggja ára áætlun 2021-2023.

Kostnaður:

Vinnuhópurinn, kjörnir fulltrúar, fá greitt fyrir fundi vinnuhópsins samkvæmt forsendum með fjárhagsáætlun 2019 um fundabókanir.

Kostnaður sem til fellur bókast á Eignasjóð, deild 31190.

Samþykkt á 900. fundi byggðaráðs þann 14.03.2019.

Samþykkt á 311. fundi sveitarstjórnar þann 19.03.2019.